


Sveppabókin

eftir Helga Hallgrímsson



Komin er önnur útgáfa *Sveppabókarinnar*, sem fyrst var gefin út árið 2010, eftir Helga Hallgrímsson (f. 1935) á Egilsstöðum, sem fyrir löngu er orðinn þjóðkunnur fyrir fræðistörf sín og grúsk.^a

^a Helgi Hallgrímsson 2021. *Sveppabókin: Íslenskir sveppir og sveppafræði*. 2. útg. (frumútg. 2010). Skrudda, Reykjavík. 640 bls.



Jötungíma (*Calvatia gigantea*). Leirhöfn á Sléttu, 2009. Ljós. Sigurður Ægisson.

Bókin, sem er 640 blaðsíður, er fyrsta ýtarlega ritið um sveppafræði sem kemur út á íslensku og skiptist í tvo meginhluta. Fyrst fjallar Helgi almennt um sveppi og sveppafræði og síðan lýsir hann um 700 tegundum sveppa í máli og myndum. Í bókinni eru fjölmargar ljósmyndir og teikningar og eykur það gildi hennar sem almennrar fræðibókar. Bókin hlaut strax verðskuldaða opinbera viðurkenningu sem fræðirit þegar hún kom fyrst út, og fékk meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita árið 2010. *Sveppabókin* kom út hjá Skruddu bæði 2010 og 2021.

Sveppir eru tegundaríkasti flokkur lífvera á Íslandi. Alls eru þekktar sveppategundir Íslands um 2.100 talsins, auk fléttna og skófna sem eru samlífi svepps og þörungs, en af þeim eru um 700 tegundir hérlandis. Fjallagrösín okkar eru að stærstum hluta sveppir og ættu því með réttu að teljast til matsveppa.



Dreyradiskur (*Melastiza chateri*). Hallormsstað, 1983. Ljós. Hörður Kristinsson.

Íslendingar hafa því stundað sveppa-nytjar um aldir. Flestar íslenskar sveppategundir, eða ríflega 1.500, teljast til smásveppa sem eru á mörkum þess að sjást með berum augum. Stórsveppir eru tegundir sem mynda vel sýnileg aldin á yfirborði. Algengastir þeirra eru hinir svokölluðu hattasveppir, en mynd af einu slíku aldini, kúalubba, prýðir einmitt kápu Sveppabókarinnar. Kúalubbi vex hér hvarvetna með birki og fjalldrapa.

Í bókinni er meðal annars fjallað um eðli og gerð sveppa, vistfræði þeirra, sveppasjúkdóma á mönnum, dýrum, trjám og öðrum plöntum, mat- og eitursveppi, ræktun matsveppa og sögu svepparannsókna hérlandis og erlendis. Í nýju útgáfunni er viðauki eftir Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur um helstu myglusveppi sem finnast hér innanhúss. Á síðasta áratug hafa skaðleg áhrif slíkra myglusveppa á húsakost og heilsu fólks vakið æ meiri athygli.

Lýsingar Helga á einstökum sveppategundum afmarkast að mestu við sjúkdómsvaldandi smásveppi og síðan allfesta þekkta stórsveppi landsins. Allir íslenskir matsveppir teljast til stórsveppa, og fá flestir þeirra ýtarlega umfjöllun, svo og nokkrir vel þekktilir erlendir matsveppir og eitursveppir sem ekki hafa enn fundist á Íslandi.

Helgi gaf út fyrstu almennu íslensku handbókina um sveppi árið 1979 og bar hún nafnið *Sveppakveríð*. Þetta framtak Helga markaði ákveðið upphaf við nýtingu ætisveppa á Íslandi. Í kjölfarið má segja að sveppanytjar hafi breyst úr því að vera sárasjaldgæft fyrirbæri hér á landi yfir í að verða áhugamál fjölda karla og kvenna. Áhugi á nýtingu sveppa til matar hefur stórukist á seinni árum og auk bóka Helga hafa komið út þrjár sértækari handbækur um matsveppi á íslensku. Árið 1989 gáfu Ása Margrét Ásgrímsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir

út hina ágætu bók sína *Villtir mat-sveppir á Íslandi*, sem nú er löngu ófáanleg. Þær tvær nýjustu eru *Matsveppir í náttúru Íslands* (2009) eftir Ásu Margrétu Ásgrímsdóttur, þar sem lýst er um 30 sveppategundum, og *Sveppahandbókin – 100 tegundir íslenskra villisveppa* (2015) eftir Bjarna Diðrik Sigurðsson. Þar sem einungis um 15% af tegundum stórsveppa eru nýtanlegir til átu, og afgangurinn er annaðhvort óætur eða eitradir sveppir, þá gefur *Sveppabók* Helga áhugamönnum um sveppanytjar tækifæri til að hafa gott yfirlit yfir nær alla þekkta stórsveppi Íslands. Þetta dregur mikið úr hættu á að alvarleg mistök verði við tegundagreiningu og nýtingu íslenskra matsveppa.

Önnur útgáfa Sveppabókarinnar er að mestu endurprentun fyrstu útgáfu, en inniheldur einnig nokkrar minniháttar leiðréttingar/uppfærslur í texta um þær tegundir sem um er fjallað.



Ullblekill (*Coprinus comatus*). Seltjarnarnesi, 2010.
Ljós. Hálfðan Ómar Hálfðanarson.

Einnig er þar nýr viðauki um myglusveppi innanhúss, eins og áður sagði, sem og nýr eftirmáli. Á hverju ári finnast einhverjar nýjar sveppategundir á Íslandi. Í eftirmála Sveppabókarinnar kemur fram að ekki var reynt að bæta við öllum slíkum nýfundnum tegundum í annarri útgáfu, ef þeirra var ekki þegar getið í fyrstu útgáfu sem tegunda sem líklega gætu borist til landsins. Dæmi um slíka tegund er eitursveppurinn steinkrympill (*Gyromitra esculenta*) sem fannst hér fyrst árið 2017 (bls. 498 í 2. útgáfu).

Íslenskar og latneskar nafnaskrár, iðorðaskrá og ýtarlegur heimildalisti um sveppafræði og sveppi á Íslandi í bókarlók auka enn á gildi bókarinnar sem uppflettirits og fræðibókar. Hún er

því ekki ritverk sem maður les aðeins einu sinni, heldur bók sem áhugamenn – að minnsta kosti undirritaður – taka fram aftur og aftur og fletta upp í. Þessi bók á erindi við alla náttúruunnendur Íslands og er raunar skyldueign því að hún opnar heilt ríki fyrir okkur, svepparíkið. Bókin er og verður stórvirki meðal bóka um náttúru Íslands og mjög er ólíklegt að yfirgrípsmeiri bók á íslensku um svepparíkið líti í bráð dagsins ljós.

Það er við hæfi að enda þessa ritfregn með beinni tilvitnun í höfund Sveppabókarinnar (bls. 12): „Fræðimenn miðalda kölluðu sveppina *ludus naturae*, þ.e. náttúruleik. Kannski var Skaparinn að leika sér þegar hann skóp þá. Við megum vera honum þakklát fyrir það.“

UM HÖFUNDINN



Bjarni Diðrik Sigurðsson (f. 1966) lauk BS-prófi í líffræði við Háskóla Íslands árið 1993 og doktorsprófi (Ph.D.) í skógvistfræði/vistkerfisfræði við sænska landbúnaðarháskólann (SLU) í Uppsölum árið 2001. Bjarni starfaði á Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1993–1997 og síðar sem sérfræðingur við Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá 2001–2005. Frá árinu 2005 hefur Bjarni gegnt stöðu prófessors í skógræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

PÓST- OG NETFANG HÖFUNDAR / AUTHOR'S ADDRESS

Bjarni Diðrik Sigurðsson
prófessor
Landbúnaðarháskóla Íslands
Hvanneyri, 311 Borgarnes
Netfang: bjarni@lbhi.is

Hið íslenska
náttúrufræðifélag
Stofnað 1889

The Icelandic
Natural History
Society

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland — www.hin.is / hin@hin.is

STJÓRN FÉLAGSINS 2022–2023 / BOARD MEMBERS 2022–2023

stjorn@hin.is

Ester Rut Unnsteinsdóttir
formadur@hin.is

Formaður / Chairman
Náttúrufræðistofnun Íslands / The Icelandic Institute of Natural History, Garðabær

Hrefna Sigurjónsdóttir

Varaformaður / Vice-chairman
Prófessor emerita, Háskóli Íslands / Professor emerita, University of Iceland, Reykjavík

Bryndís Guðrún Róbertsdóttir
gjaldkeri@hin.is

Gjaldkeri / Treasurer
Land- og jarðfræðingur / Geographer and Geologist

Hrefna Berglind Ingólfssdóttir
ritari@hin.is

Ritari / Secretary
Náttúruminjasafn Íslands / Icelandic Museum of Natural History

Anna Heiða Ólafsdóttir
felagsvordur@hin.is

Félagsvörður / Board member
Hafrannsóknastofnun / Marine and Freshwater Research Institute, Reykjavík

Helena Óladóttir
kynning@hin.is

Fræðslustjóri / Board member
Háskóli Íslands / University of Iceland, Reykjavík

Hlín Halldórsdóttir
vefstjori@hin.is

Vefstjóri / Webmaster
Heilbrigðiseftirlitið (HEF) / The Health Directorate

Tilgangur félagsins er að efla íslensk náttúruvísindi, glæða áhuga og auka þekkingu manna á öllu er snertir náttúrufræði. Innganga í félagið er öllum heimil.

Einstaklingsárgjald er 5.800 kr. Í því er fölginn áskrift að Náttúrufræðingnum. Hjónaárgjald er 6.500 kr. og nemendagjald 4.000 kr. Annual dues, which include the subscription of the society's journal, are 5.800 ISK.

Yfir vetrarmánuðina stendur félagið fyrir fræðslu- og umræðu-fundum og verða þeir og aðrir viðburðir, svo sem stuttar gönguferðir og annað sem tengist náttúrunni, auglýstir á heimasíðunni.

Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins, höfuðsafn á sviði náttúrufræða og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands eru skilgreind í Náttúruminjasafnslögum nr. 35/2007 og Safnalögum nr. 141/2011. Náttúruminjasafnið er fræðslu- og vísindastofnun, ætlað að gegna miðlægu hlutverki við miðlun þekkingar og upplýsinga um náttúrufræðileg efni og vera ráðgefandi gagnvart öðrum söfnum landsins sem sýsla með náttúruna. Stofnunin byggir starfsemi sína á rannsóknum og gagnaöflun á eigin vegum og í samstarfi við aðra, og á miðlun þekkingar og upplýsinga með staf- og rafrænni útgáfu, ráðgjöf, fyrirlestur og sýningahaldi.

Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands er dr. Hilmar J. Malmquist.
hilmar.j.malmquist@nmsi.is

The Icelandic Museum of Natural History

The Icelandic Museum of Natural History is the property of the Icelandic state, a public institution appertaining to the Ministry of Education, Science and Culture. The primary roles of the museum are to shed light on Icelandic nature, natural history, use of natural resources and nature conservation, and thereby promote conservation of natural heritage in Iceland and sustainable use of nature. The museum implements its functions by exhibitons, publication and research.

Dr. Hilmar J. Malmquist is director of the Icelandic Museum of Natural History. hilmar.j.malmquist@nmsi.is